



## Reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna

Þessum reglum er ætlað að fyrirbyggja hagsmunaárekstra og tryggja að víðskipti starfsfólks séu yfir gagnrýni hafin.

Reglur um víðskipti starfsmanna eru settar á grundvelli stefnu stjórnar um hagsmunaárekstra starfsmanna.

Regluvarsla hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og veitir álit og ráðgjöf ef upp koma vafamál.

### 1. Tilgangur

Þessum reglum er ætlað að fyrirbyggja hagsmunaárekstra, tryggja að verðbréfavíðskipti starfsfólks séu yfir gagnrýni hafin og koma í veg fyrir misnotkun á trúnaðarupplýsingum.

Starfsfólk skal sýna fyrirhyggju í eigin fjármálum og gera sér grein fyrir því upplýsingaumhverfi sem það vinnur í og þeirri ábyrgð sem fylgir aðgangi að trúnaðarupplýsingum um bankann og víðskiptavini hans.

Starfsfólk skal ætíð gæta þess að verðbréfavíðskipti þeirra og nátengdra aðila eigi ekki hættu á að vera álitin óviðeigandi eða tortryggileg vegna starfa þeirra fyrir bankann.

### 2. Gildissvið

Þessar reglur taka til starfsfólks Arion banka. Til þeirra teljast einstaklingar sem ráðnir eru til starfa og þiggja laun frá bankanum. Reglurnar taka ekki til einstaklinga sem lokið hafa störfum hjá bankanum en þiggja laun á uppsagnarfresti.

Þau verðbréfavíðskipti sem þessar reglur taka til eru öll víðskipti með fjármálagerninga sem eiga sér stað utan starfssviðs hlutaðeigandi starfsmanns.

Í þessum reglum eru víðskipti aðila sem teljast nátengdir starfsmönnum lögð að jöfnu við eigin víðskipti starfsmanns. Þetta þýðir að starfsmaður þarf að óska eftir álitni regluvörslu á fyrirhuguðum verðbréfavíðskiptum nátengdra aðila. Þess vegna er mikilvægt að starfsfólk upplýsi nátengda aðila um þessa skyldu sína.

Við mat á því hvaða aðilar teljast nátengdir skiptir máli hvort ætla megi að starfsmaður hafi aðkomu að víðskiptum viðkomandi eða hafi persónulega hagsmuni af niðurstöðu þeirra. Að lágmarki skulu eftirtaldir aðilar ávallt teljast nátengdir:

1. Maki eða sambúðarmaki.
2. Börn, kjörbörn og stjúpbörn sem eru á framfæri starfsmanns.
3. Aðrir sem búa á sama heimili og starfsmaður.
4. Lögaðili, ef starfsmaður eða annar nátengdur aðili hefur aðkomu að fjárfestingarákvörðunum eða fer á beinan eða óbeinan hátt með 20% eða meira af atkvæðisrétti eða fer á anna hátt með yfirráð yfir.
5. Aðrir aðilar þar sem starfsmaður hefur verulegra beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta að því er varðar niðurstöðu víðskiptanna.



Regluvörður sker úr um vafaatriði hvort aðili skuli teljast nátengdur aðili.

Reglur þessar gilda að jafnaði ekki um þá fjölskyldumeðlimi starfsfólks sem hafa undirgengist samsvarandi reglur hjá öðrum eftirlitsskyldum aðila eða hjá eftirlitsaðila, s.s. fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Ber þá viðkomandi starfsmanni að tilkynna regluverði um framangreint og hjá hvaða eftirlitsskylda aðila viðkomandi starfar. Regluvörður getur óskað eftir afriti þeirra reglna sem viðkomandi hefur undirgengist og enn fremur ákveðið að þessar reglur gildi jafnframt um viðskipti þess aðila.

### 3. Meginreglur

Starfsfólk skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfiðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina og bankans að leiðarljósi. Starfsfólk skal gera sér grein fyrir því upplýsingaumhverfi sem þeir vinna í og þeirri ábyrgð sem fylgir aðgangi að trúnaðarupplýsingum um bankann og viðskiptavinum hans.

Starfsmenn skulu ætíð gæta þess að verðbréfiðskipti þeirra og tengdra aðila verði ekki álitin óviðeigandi eða tortryggileg vegna starfa þeirra fyrir bankann og aðgangs að trúnaðarupplýsingum.

Starfsmanni er óheimilt að misnota stöðu sína til að hafa áhrif á gengi fjármálagerna eða að stofna til verðbréfiðskipta ef slík viðskipti fela í sér misnotkun trúnaðarupplýsinga eða brjóta á annan hátt gegn skyldum starfsmanns eða bankans samkvæmt lögum sem gilda um verðbréfiðskipti.

Starfsmanni og nátengdum aðilum er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf ef viðkomandi starfsmaður býr yfir trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðkomandi viðskiptum, eða ef slík viðskipti eru til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum.

### 4. Skyldur stjórnenda

Stjórnendur skulu ætíð gæta þess að upplýsa regluvörð að eigin frumkvæði ef fyrir hendi eru nokkrar þær aðstæður sem kunna að leiða til þess að það teljist óviðeigandi fyrir tiltekna starfsmenn að eiga viðskipti með tiltekna fjármálagerna, enda eru slíkar upplýsingar forsenda þess að regluvarsla geti veitt viðeigandi álit á fyrirhuguðum verðbréfiðskiptum.

### 5. Framkvæmd verðbréfiðskipta starfsmanna

Starfsfólk skal óska eftir álit regluvörslu á fyrirhuguðum verðbréfiðskiptum sínum eða tengdra aðila á því formi sem regluvörður ákveður.

Skylda til að óska eftir álit regluvörslu gildir um sérhverja ráðstöfun fjármálagerna, nema sérstaklega undanskilið í reglum þessum.

Starfsfólki á viðskiptabankasviði, upplifun viðskiptavina og upplýsingatækisviði, öðrum en framkvæmdastjórum, er óskilt að óska eftir álit regluvörslu vegna fyrirhugaðra verðbréfiðskipta. Þessi undanþága gildir þó ekki vegna viðskipta með fjármálagerna útgefna af Arion banka.

Álit regluvörslu byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum og gildir í sólarhring. Álit er án rökstuðnings. Ef regluvarsla mælist gegn því að verðbréfiðskipti eigi sér stað skal fara með slíkt sem trúnaðarmál og er óheimilt að veita öðrum ráðleggingar um viðskipti með sömu verðbréf.



Starfsfólk ber alfarið ábyrgð á að verðbréfiðskipti sín og tengdra aðila brjóti ekki gegn þessum reglum. Þá ber starfsfólki að tryggja að þeirri eigin viðskipti séu óháð öðrum viðskiptum bankans og að tímasetning eða umfang viðskipta hafi ekki neikvæð áhrif á viðskipti annara viðskiptavina.

Verðbréfiðskipti starfsfólks og tengdra aðila skulu ávallt framkvæmd með sama hætti og viðskipti annarra viðskiptavina í sambærilegri stöðu, þar með talið hvað varðar röð sambærilegra fyrirmæla.

Athugið að starfsfólk Arion banka framkvæmir viðskipti með sjóði í netbanka Arion banka eða appi, en til að makar og ófjárráða börn njóti sömu kjara þá eru þær viðskiptabeiðnir sendar á starfsmannaviðskipti@arionbanki.is.

## 6. Lágmarks eignarhaldstími

Starfsfólki og tengdum aðilum er óheimilt að selja verðbréf innan 30 daga frá því þau voru keypt. Þó er heimilt að selja fjármálagerninga fyrir þann tíma ef söluvirði er lægra en upphaflegt kaupvirði. Óska þarf eftir álitni regluvörslu fyrir þeirri sölu í samræmi við þessar reglur.

Regluvörður getur veitt undanþágu frá lágmarks eignarhaldstíma við sérstakar aðstæður.

## 7. Varsla fjármálagerninga

Fjármálagerningar í eigu starfsfólks skulu vistaðir á vörslureikningi hjá Arion banka. Sama gildir um fjármálagerninga í eigu eignarhaldsfélags starfsmanns. Nýtt starfsfólk skal flytja verðbréfaeign sína, eða í eigu eignarhaldsfélags þeirra, til Arion banka innan 30 daga frá því viðkomandi hefur störf hjá bankanum.

Regluvörður getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður.

## 8. Takmarkanir á verðbréfiðskiptum starfsmanna við tiltekna aðstæður

Við eftirfarandi aðstæður gilda sérstakar takmarkanir um verðbréfiðskipti starfsfólks og tengdra aðila, til viðbótar við það sem að framan greinir:

1. *Útboð:* Í útboðum sem bankinn hefur umsjón með, er ráðgefandi fyrir eða söluaðili með, skal ákvarða heimild starfsfólks og tengdra aðila til þátttöku í samráði við útgefanda eða aðila sem bankinn er að vinna fyrir. Eftirfarandi skilyrði gilda þó ávallt um þátttöku starfsfólks og tengdra aðila í slíkum útboðum:

- a. áskrift er óheimil í útboðum þar sem þeir ganga fyrir sem fyrstir skrá sig;
- b. áskrift er óheimil í útboðum þar sem óskað er eftir verðtilboði í verðbréf, gengi eða vaxtakjör;
- c. áskriftir sem nema hærri fjárhæð en kr. 10 milljónum eru háðar sérstöku samþykki regluvarðar, sem er ávallt háð því skilyrði að viðkomandi veiti regluverði fullnægjandi staðfestingu á að eigin fjárhagsstaða sé nægilega traust til að standa undir slíkri skuldbindingu.



Ef kveðið er á um strangari takmarkanir í skilmálum útboðsins þá ganga þær frammar ofangreindum takmörkunum.

2. *Fjármálagerningar sem Arion banki hefur gefið út:* Einungis er heimilt að eiga viðskipti á tilteknu tímabili, sem hefst einum viðskiptadegi eftir að bankinn hefur birt opinberlega árshlutareikning, ársreikning eða lýsingu og stendur í 30 daga þar á eftir.

3. *Afleiður:* Óheimilt er að eiga viðskipti með afleiðusamninga sem ekki eru skráðir í kauphöll, að undanskildum áskriftarréttindum með hlutabréf Arion banka. Þá gildir bannið ekki um kauprétti sem vinnuveitendur veita starfsfólki sínu.

4. *Viðurkenndur ráðgjafi:* Starfsmanni, sem kemur að störfum Arion banka sem viðurkenndur ráðgjafi fyrir félag með hlutabréf tekin til viðskipta á First North, er óheimilt að eiga viðskipti með viðkomandi hlutabréf og tengda gerninga.

Regluvörður getur veitt undanþágu frá framangreindum skilyrðum við sérstakar aðstæður.

## 9. Takmarkanir á verðbréfavíðskiptum starfsmanna tiltekinna starfssviða

Starfsmönnum markaðsvíðskipta, markaðsvaktar og einkabankaþjónustu, og nátengdum aðilum þeirra, er óheimilt að eiga víðskipti með hlutabréf skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerninga, nema í þeim tilvikum sem vikið er að í liðum a. – g. í 10. Gr.<sup>1</sup> Í þeim tilvikum gilda sömu undanþágur varðandi eignarhaldstíma og vörslu hjá Arion banka og tilgreindar eru í lokamálsliðum 10. gr.

## 10. Undanþágur í tilteknum verðbréfavíðskiptum

Starfsmönnum er óskilyt að óska eftir álit regluvörslu í eftirfarandi víðskiptum:

- a. víðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta;
- b. verðbréfavíðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu (án aðkomu viðkomandi starfsmanns eða nátengds aðila) þar sem umbjóðandi hefur ekki áhrif á einstakar fjárfestingaákvæðanir;
- c. víðskipti með fjármálagerninga sem tilheyra ekki íslenskum markaði og þar sem uppgjör eða verðþróun þeirra tekur ekki mið af þeim markaði og tengist ekki starfsemi Arion banka;
- d. hefðbundin víðskipti með víðskiptabréf, s.s. í tengslum við eigendaskipti fasteigna eða ökutækja, þar með talin óskráð skuldabréf, víxla og tryggingabréf, en ekki hlutabréf;
- e. móttöku eða nýtingu kaupréttar sem vinnuveitandi hefur veitt viðkomandi, þ.m.t. ef bréf eru seld samhliða nýtingu kaupréttar;
- f. móttöku hlutabréfa í tengslum við kaupaukakerfi bankans;
- g. ef um er að ræða móttöku fjármálagerninga vegna gjafar, skipta, arfs eða arðgreiðslu í formi hlutafjár;
- h. ef um er að ræða tilboð um yfirtöku eða samruna án skilyrða;
- i. þátttöku í almennu útboði þar sem áskrift nemur ekki hærrí fjárhæð en 10 m.kr.

Víðskipti samkvæmt a. – d. lið eru undanskilin kröfu um lágmarks eignarhaldstíma og vörslu hjá Arion banka. Víðskipti samkvæmt e. lið eru enn fremur undanskilin kröfu um lágmarks eignarhaldstíma.

---

<sup>1</sup> *Umræddum starfsmönnum er heimilt að selja sínar eignir og gilda þá almenn ákvæði reglnanna um framkvæmd verðbréfavíðskipta starfsmanna.*



## 11. Heimildir og skyldur regluvarðar

Í samræmi við tilgang reglna þessara getur regluvörður tímabundið skilyrt og/eða takmarkað verðbréfiðskipti starfsmanna og tengdra aðila með tiltekna fjármálagerninga, almennt eða gagnvart einstökum starfsmönnum eða deildum, án rökstuðnings. Þá getur regluvörður sett nánari leiðbeiningar um hvaða verðbréfiðskipti kunna að teljast óviðeigandi.

Regluvörslu er heimilt að afla upplýsinga frá öðrum starfsmönnum í tengslum við álitsgjöf.

Við sérstakar aðstæður og ef þess er óskað áður en viðskipti eiga sér stað, getur regluvörður veitt undanþágu, með eða án skilyrða, frá:

1. skyldu til að óska eftir áliti;
2. lágmarks eignarhaldstíma;
3. gildistíma álits;
4. skyldu starfsmanns til að vista fjármálagerninga á vörslureikning hjá Arion banka;
5. sérstökum skilyrðum skv. 8. gr.

Starfsmanni er skylt að veita regluvörslu umboð til að óska eftir hreyfingaryfirliti og stöðu vörslureikninga sinna og nátengdra aðila, utan Arion banka, ef regluvörður fer fram á slíkt í eftirlitsskyni.

## 12. Önnur viðskipti starfsmanna við Arion banka

Starfsfólk er hvatt til að eiga viðskipti við Arion banka og þeim bjóðast sérkjör sem eru ákvörðuð af bankastjóra almennt og kynnt á innra neti bankans. Viðskipti starfsmanna skulu lúta að öðru leyti sömu reglum og viðskipti við viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.

## 13. Viðurlög

Brot á reglum þessum getur varðað áminningu eða brottrekstri starfsmanns.

Ef unnt er, skulu verðbréfiðskipti starfsmanns sem ekki eru framkvæmd í samræmi við reglur þessar látin ganga til baka á kostnað viðkomandi starfsmanns. Hagnaður sem kann að myndast í slíkum viðskiptum er gerður upptækur af bankanum.

Brot á reglum þessum geta einnig varðað opinberum viðurlögum, t.a.m. samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.

## 14. Birting, gildistaka og endurskoðun

Þessar reglur eru settar af bankastjóra.

Reglur þessar skulu birtar á innra neti bankans og taka gildi við birtingu.

Reglurnar skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

---

*Samþykkt 02.06.2022*